

sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51, 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132, 21. maí 1964, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

*Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1970.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

18. nóvember 1970.

Nr. 250.

## G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurflugvöll.

### 1. Lendingargjöld.

1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða lendingargjald sem hér segir:

kr. 307.70 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.

— 254.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.

— 224.10 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.

— 211.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

### 2. Stæðisgjöld.

2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

#### 2.2. Millilandaflug:

Leiga á sólarhring	Vænghaf flugvélar
kr. 94.37	Undir 12 m.
— 189.98	12—18 m.
— 283.90	18—24 m.
— 377.50	24—30 m.
— 425.43	Yfir 30 m.

### 3. Önnur ákvæði.

3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:

3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenska ríkisins og flugvélum, sem það tekur á leigu.

3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.

- 3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.  
 3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.  
 3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.  
 3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.  
 3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34. 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi 1. des. 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 13. nóvember 1968.

*Utánríkisráðuneytið, 18. nóvember 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## AUGLÝSING

um notkun heimildar í 53. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 53. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til þess að fella niður verðtoll af flugvélaeldsneyti, tollskrárnúmer 27.10.21 og 27.10.32.

Lækkun þessi kemur til framkvæmda 1. desember 1970.

*Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 21. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í heinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar: